

# Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs fyrir beiðni um leyfi til einkaskipta

*Mikilvægt er að sá sem óskar leyfis til einkaskipta kynni sér áður hver eru réttaráhrif þess samkvæmt skiptalögum 20/1991. Rétt er að nefna sérstaklega að með því að óska leyfis til einkaskipta, taka erfingjar á sig sjálfskuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á öllum skuldbindingum sem kunna að hvíla á búinu, eða leiða af skiptunum, hvort sem erfingjum eru þær kunnar eða ekki.*

## Frágangur á beiðninni

- Mikilvægt er upplýsingar séu ritaðar læsilega inn á eyðublaðið.
- Beiðnina þarf að gera í einu lagi fyrir alla erfingja og þurfa þeir allir að undirrita hana eða lögráðamenn þeirra eða umboðsmenn.

Ef umboðsmaður undirritar beiðnina fyrir erfingja verður skriflegt og vottfest umboð til hans að fylgja beiðninni nema það sé áður afhent sýslumanni.

Ef upplýsingar komast ekki fyrir í reit á eyðublaðinu má setja þær á blað sem fylgir beiðninni og vísa þá til blaðsins á viðeigandi reit. Þá leið má einnig fara að rita texta leyfisbeiðninnar í heild á auðu blaði í stað þess að nota eyðublað.

Afhenda þarf tvö samhljóða eintök af beiðninni, en nægilegt er að annað þeirra sé ljósrit. Sýslumaður varðveitir annað eintakið en afhendir erfingjum hitt eintakið með áritun um að einkaskiptaleyfi sé veitt. Sýslumaður gefur einnig út sérstaka skriflega staðfestingu þess að einkaskiptaleyfi hafi verið veitt.

Beiðnina á að afhenda sýslumanninum í umdæminu þar sem sá látni átti síðast skráð lögheimili á þjóðskrá.

### **Vinsamlegast pantíð tíma með fyrirvara áður en komið er með beiðnina.**

Æskilegt er að einhver sem er kunnugur málinu fari með beiðnina til sýslumanns, til dæmis einhver erfingja, ef þörf er nánari upplýsinga. Ef óskað er eftir að umsókn verði afgreidd meðan beiðið er, þarf að panta viðtalstíma fyrirfram. Annars er ekki hægt að ganga út frá því að umsókn verði afgreidd á staðnum. Ef beiðni er póstsend eða skilin eftir óafgreidd hjá sýslumanni verður að geta þess hvert leitað verður frekari upplýsinga, ef þeirra er þörf, og hvert á að senda leyfi ef það verður veitt.

Með beiðni þarf að afhenda eintak af erfðaskrá, ef um hana er að ræða, og jafnframt kaupmála sem sá látni kann að hafa gert ef hann lætur eftir sig maka. Yfirleitt þarf ekki að afhenda sýslumanni önnur gögn, en um það verða þá veittar ábendingar við móttöku beiðninnar ef þörf krefur.

Þegar beiðni um leyfi til einkaskipta er lögð fram þarf jafnframt að greiða skiptagjald í ríkissjóð, kt. 9.500. Hægt er að greiða með debetkorti eða reiðufé.

## Útfylling á eyðublaðinu

### **Hvert beiðninni er beint**

Efst á blaðinu er ætlast til að fyllt sé inn í eyðu til hvaða sýslumanns beiðnin er send, til dæmis að beiðnin sé send til sýslumannsins í Reykjavík eða sýslumannsins á Akureyri.

### **Nafn þess látna og kennitala**

Í þennan reit á að færa fullt nafn þess látna, eins og það var skráð í þjóðskrá. Hafi sá látni borið tvö eða fleiri eiginnöfn skal undirstrika það, sem hann gekk undir, ef það er ekki það fyrsta. Ef skipt er eftir hjón, þar sem það langlífara sat í óskiptu bú til æviloka, skal greina hér frá nöfnum beggja og greina einnig í viðeigandi reitum frá kennitölum beggja, dánardegi og síðasta heimilisfangi. Hafi sá látni ekki haft (íslenska) kennitölu skal færa hér fæðingardag hans.

### **Dánardagur**

Þessi dagsetning þarf að vera í samræmi við þann dag sem var tilgreindur í dánarvottorði eða öðru opinberu gagni um andlát.

### **Lögheimili og dvalarstaður**

Í reit fyrir lögheimili skal færa heimilisfangið þar sem sá látni átti skráð lögheimili í þjóðskrá á dánardegi. Ef vafi er um skráningu í þjóðskrá verður að leita vissu um þetta áður en gengið er frá beiðninni. Reit fyrir dvalarstað þarf ekki að fylla út ef sá látni bjó á skráðum lögheimilisstað. Að öðrum kosti skal dvalarstaðarinn getið.

### **Erfingjar**

Í þennan reit þarf að færa nöfn allra erfingja og við nafn hvers þeirra þarf að tiltaka kennitölu og lögheimili. Ef erfingi er erlendis búsettur þarf einnig að tilgreina heimilisfang hans. Þá er einnig ætlast til þess að fram komi við nafn hvers erfingja hver þau tengsl eru sem leiða til erfðaréttar hans, með því að taka annaðhvort fram skyldleika hans við þann látna, ef byggt er á lögerfðarétti, til dæmis með orðinu maki, dóttir, sonarsonur o.s.frv., eða að réttur hans sé

byggður á meðfylgjandi erfðaskrá. Ef sömu tengslin eiga við um alla erfingja má taka þetta fram í einu lagi. Ef umboðsmaður undirritar leyfisbeiðnina fyrir erfingja þarf ennfremur að láta nafns hans getið aftan við (neðan við) nafn viðkomandi erfingja. Það sama þarf að gera ef lögráðamaður undirritar beiðnina fyrir erfingja eða málsvari sem sýslumaður hefur skipað.

### **Eignir**

Í eyðublaðinu er gert ráð fyrir sundurliðuðum upplýsingum um eignir og þarf að geta um verðgildi þeirra. Um einstaka reiti í þessu sambandi skal eftirfarandi athugað:

*Fasteignir:* Hér þarf að greina frá fasteignum með sama hætti og er gert í skattframtali og geta um fasteignamatsverð hverrar þeirra samkvæmt gildandi mati á dánardegi. Hér þarf einnig að taka með matsverð á leigulóðarréttindum. Ef fasteign er háð innlausnarrétti, til dæmis vegna kvaðar á félagslegu húsnæði, er rétt að taka það hér fram. Ef fasteign er erlendis verður að taka fram nákvæma staðsetningu hennar, en að svo stöddu má láta ógert að greina frá verðgildi hennar.

*Innanstokksmunir:* Hér þarf ekki að sundurliða muni frekar og má því greina hér í einu lagi frá verðgildi innbúsmuna, málverka, bókasafns o.s.frv. Verðgildi þarf að tilgreina eftir því sem erfingjar telja að verði næst komist líklegu söluverði þessara muna. Ef vafi er um hæfilegt verðmat er rétt að leita nánari upplýsinga hjá sýslumanni um úrræði.

*Bifreiðir:* Í þennan reit þarf að færa upplýsingar um bifreið, eina eða fleiri, með því að taka fram skráningarnúmer, tegund og árgerð. Erfingjum er ætlað að greina frá gangverði bifreiðar, eftir atvikum hverrar þeirra, en tilgreint gangverð á að taka mið af áætluðu söluverði gegn staðgreiðslu.

*Bankareikningar:* Hér þarf að greina frá hverjum bankareikningi fyrir sig, sem sá látni kann að hafa látið eftir sig. Skal það gert með því að tiltaka heiti banka eða sparissjóðs, tegund reiknings og númer. Fjárhæð innstæðu þarf að koma fram fyrir hvern reikning, eftir atvikum með áunnum vöxtum á dánardegi. Hafi fé verið ráðstafað af bankareikningi þess látna til að greiða kostnað af útför, kemur það til frádráttar meðal skulda eins og greinir nánar hér á eftir.

*Verðbréf:* Í þessum reit þarf að skýra frá verðbréfum sem sá látni kann að hafa átt, til dæmis hlutabréfum, verðtryggtum spariskírteinum ríkissjóðs, ríkisvixlum, bankaskuldabréfum, húsbrefum, skuldabréfum og inneign í verðbréfasjóðum. Slík verðbréf þarf að verðleggja í beiðninni eftir markaðsverði þeirra á dánardegi. Liggi það verð ekki fyrir, má tilgreina hvert er nafnverð bréfanna.

*Aðrar eignir:* Hér þarf að geta um aðrar eignir sem falla ekki undir áðurgreinda eignaflokka. Hér á til dæmis við að veita upplýsingar ef því er að skipta um eigin atvinnurekstur þess látna, þar á meðal eignarhlut í sameignarfélagi, bát, skip eða loftfar, búfénað og vélar og tæki vegna búrekstrar, höfundarétt o.s.frv. Um tilgreiningu á verðgildi slíkra eigna má eftir atvikum leita nánari upplýsinga hjá embætti sýslumanns.

### **Skuldir**

Hér þarf að setja fram sundurliðaðar upplýsingar um skuldir þess látna, ef um þær er að ræða, og taka um leið fram heildarfjárhæð hverrar skuldbindingar að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðtryggingu. Ef kostnaður af útför þess látna er ógreiddur eða erfingi hefur lagt út greiðslu á kostnaðinum skal telja hann hér fram meðal skulda. Hafi kostnaðurinn hins vegar verið greiddur með fé þess látna, til dæmis af bankainnstæðu, verður eins og áður segir að greina frá fjárhæðinni eins og hún stæði enn á bankareikningnum, en í reit fyrir skuldir skal þá á móti taka fram fjárhæðina og láta þess getið að kostnaðurinn hafi þegar verið greiddur með úttekt af tilgreindum bankareikningi.

### **Yfirlýsingar af hálfu erfingja**

Neðan við reiti til útfyllingar á eyðublaðinu er að finna í sex liðum yfirlýsingar, sem erfingjar beina til sýslumanns og undirgangast með undirritun sinni, en þessi atriði snúa að skilyrðum laga fyrir því að einkaskiptaleyfi verði veitt. Erfingjum skal bent á að kynna sér þessa skilmála áður en þeir undirrita beiðnina og leita eftir þörfum nánari skýringa á skilmálunum ef ástæða er til.

Sérstaklega er ástæða til að benda á að erfingjar sem skipta búi einkaskiptum bera persónulega ábyrgð á öllum skuldbindingum hins látna, hvort sem þeim eru þær kunnar eða ekki.

Í 7. liðnum er gert ráð fyrir því að erfingjar geti fyllt inn í eyðu nafn tiltekens manns, sem þeir veita í sameiningu umboð til að koma fram fyrir sína hönd og í nafni dánarbúsins í samskiptum við aðra, þar á meðal til að ráðstafa eignum og taka við andvirði þeirra. Þennan reit á ekki að fylla út nema erfingjar hafi áður orðið sammála um að fela tilteknum manni, úr sínum hópi eða utanaðkomandi, að annast í raun allar ráðstafanir vegna einkaskiptanna. Ef maður er tilnefndur til þessa verks, sem er ekki sjálfur meðal erfingja eða undirritar beiðnina af hálfu einhvers þeirra, verður hann að árita beiðnina um samþykki sitt. Hafi erfingjar ekki hug á að nýta sér þennan kost er rétt að strika yfir þennan lið á eyðublaðinu.

### **Staður og dagsetning**

Ef erfingjar undirrita ekki allir beiðnina á sama degi eða sama stað má eftir atvikum láta ógert að tiltaka stað og dagsetningu.

### **Undirskriftir**

Hér skal vísað til þess, sem kom fram hér á undan í tengslum við frágang á beiðninni. Rétt er að taka fram að ekki á að afhenda sýslumanni beiðnina fyrr en komnar eru undirskriftir allra sem þörf er á.